

» Langt síðan ég áttaði mig á því að það er til einskis að segja fólki hvað það á að gera ... 44

# Uppgötvuð á YouTube

■ Ingibjörg Birgisdóttir sýnir myndbandsverk á samsýningu í Los Angeles  
■ Er meðlimur í Seabear og segir krútt-stimpilinn leiðinlegan og niðrandi

Eftir Gunnhildi Finnsdóttur  
gunnhildur@mbl.is

INGIBJÖRG Birgisdóttir myndlistarmaður hefur unnið bæði að tónlist og myndlist síðan hún útskrifaðist frá LHÍ fyrir tveimur árum. Hún er í hljómsveitinni Seabear og hefur gert myndbönd við lög þeirra. Það var þó myndbandið við lagið „They Made Frogs Smoke“ Til They Exploded“ með hljómsveitinni múm sem varð til þess að Ingibjörgu var boðið að taka þátt í samsýningu í Jail-galleríinu í Los Angeles. „Fólk er úti með allar klær og ég held að netið sé orðið mjög góður kynningarvettvangur,“ segir Ingibjörg.

Sýningarstjórinn Annie Wharton hafði aldrei heyrt Ingibjörgar getið en er mikill aðdáandi múm. Hún sá myndbandið á YouTube og varð mjög hrifin. Hún hafði uppi á Ingibjörgu og bauð henni að senda myndband á sýninguna.

Myndbönd Ingibjargar eru ævintýrleg og svolítið barnslæg, en hafa um leið á sér hálfgerðan hryllingsblæ. Hún segir það með ráðum gert. „Þegar við gerðum myndbandið fyrir múm þá vildum ekki hafa það krúttlegt. Þessi leiðinlegi og niðrandi krútt-stimpill hefur fest sig við þessa tónlist. Ég sá verk eftir myndlistarmann sem heitir Tom Friedman þar sem hann gerði pappírskúlptúra eftir fórnarlömbum umferðarslysa. Fólk sem lá limlest í blóði sínu með augun úti – allt úr pappír. Hann notar þennan saklausa leikskólamiðil á mjög „brútal“ hátt.“

## Tvíviðar teikningar

Sýningin DREAM(land) var opnuð 10. maí og stendur fram í miðjan júní. „Þetta eru fjórtán myndlistarmenn hvaðanæva, flestir frá Bandaríkjunum. Þeir eru ýmist eins og ég algjörlega óþekktir eða búnir að starfa í mörg ár. Þarna eru video, skúlptúrar, málverk og klippimyndir,“ segir Ingibjörg. „Ég er með þriggja mínútna langt video. Það er svolítið í svipudum stíl og myndbandið sem ég gerði fyrir múm, ég nota mikið pappír og þetta eru svona tvíviðar teikningar.“

Grunnhugmyndin að myndbandi Ingibjargar er komin úr grískum goðsögum. „Myndbandið heitir „Sjö systur“ og er unnið upp úr sögunni um sjö dætur Atlasar sem bar heiminn á herö-



Morgunblaðið/Eggert

Nægjusöm „Fólk er úti með allar klær og ég held að netið sé orðið mjög góður kynningarvettvangur,“ segir Ingibjörg. Myndband með múm varð til þess að henni var boðið að sýna í Los Angeles.

um sér. Svo eru endalausar fossaraðir og fjallaraðir út um allan heim sem bera þetta nafn. Þetta er ofsalega kvenlegt, mig langaði að gera myndband um konur og sambönd milli þeirra. Þetta sýnir sjö systur í einni bunu og ýmis einkenni og tilhneingar sem stelpur hafa.“

Í kjölfar sýningarinnar bjóðast Ingibjörgu ýmis tækifæri. „Þetta hefur undið svolítið upp á sig. Ég gerði sjö eintök af videoinu og bandarískir safnarar keyptu þau upp. Svo fór það á sýningu á heimasíðu Getty-safnsins. Sýningarstjórinn er að reyna að fá mig í fleiri verkefni á þessu ári. Það er ekkert orðið fast en það er

ýmislegt í bígerð.“

Á morgun klukkan 17 verður opnuð sýning í galleríinu Lost Horse þar sem Ingibjörg sýnir ásamt félögum sínum. Þau kalla sig Mosasögur, en sýningin ber nafnið *Princes of Royal Blood* og fjallar um hunda og samband mannfólksins við þá. Þeir eru að sjálfsgöðu boðnir sérstaklega velkomnir á opnunina.

Ingibjörg sér ekki fram á að geta snúið sér áfarið að myndlistinni þrátt fyrir velgengnina að undanförunu. „Mér hefur tekist að lifa af þessu að hálfu leyti og finnst það bara finn árangur. En maður lifir bara mjög nægjusömu lífi.“

## Hljómur Grjóthrus í Óshlíðinni

■ Svo virðist sem pönksveitin Rass sem vildi „burt með kvótann“ hafi fundið sér fóstbræðrasveit í nýrri hljómsveit er kallast Grjóthrun og er m.a. skipuð pólitískum léttvigtarmönnum með djúpa réttlætiskennid í bland við ópreyrtandi baráttuþrek. Fremstir fara í flokki **Grimur Atlason**, fyrrum bæjarstjóri Bolungarvíkur, og Lýður Árnason, lækni og kvikmyndagerðarmaður. Fyrsta plata sveitarinnar *Grjóthrun í Hólshreppi* kemur út í dag og hélt sveitin eiginlega útgáfutónleika í Óshlíðinni í gær. Bæjarstjórnarmaðurinn úr Vogunum Jón Eliasson leikur á gítar í Grjóthruni en það er Haraldur Ringsted sem heldur takti. Nú vantar bara pólitískt mótvægi við Grjóthrun og þá væri hægt að fylla tóma sali Alþingis í sumar með alvöru rokki og róli. Koma svo!



## Dræm miðasala

■ Miðasala á tónleika **Pauls Simons** í Laugardalshöll 1. júlí nk. mun vera langt undir væntingum tónleikahaldara. Þrátt fyrir dræma sölu hefur ekki verið ákveðið að hætta við tónleikana en verið er að skoða hvað hægt sé að gera í stöðunni. Lækkun á miðaverði mun þó ekki koma til greina.

Tónleikar Simons voru kynntir til sögunnar eftir að miðasala á Bob Dylan og Eric Clapton hófst og líklegt má telja að margir þeirra er alla jafna hefðu viljað sækja tónleika Simons, hafi keypt sér miða á þá tónleika, jafnvel hvoratveggju.

Fyrir fjórum árum spiluðu Simon og Garfunkel í Parken í Kaupmannahöfn og seldust þá 50.000 miðar.

# Hitti Albert Prins

Hringur Hendriku Waage boðinn upp í veislu í Mónakó

ÍSLAND kom nokkuð við sögu á sérstökum góðgerðardansleik sem haldinn var í tilefni af Formúlu 1 keppinni í Mónakó síðastliðinn föstudag. Á uppboði sem haldið var á dansleiknum var meðal annars boðinn upp hringur frá gullsmíðnum Hendriku Waage, auk ferðar til Íslands.

Hringur Hendriku, sem nefnist Baron, seldist á 8.500 evrur sem nemur tæpri einni milljón íslenskra króna. Agóðinn rann til samtaka sem kallast The White Feather Foundation sem Julian Lennon hefur veg og vanda af.

Þá fór helgarferð til Íslands á 5.000 evrur, eða um 580.000 krón-



Flottur Baron-hringur Hendriku.

ur, en það fé rann til samtakanna Prince Albert's II de Monaco Fondation. Ferðin var í boði Ícelandair í London.

Þess má geta að þeir Prins Albert og Julian Lennon voru aðalheildursgestir kvöldsins.

Verðlaun kvöldsins voru svo afhent á Terrassi Hotel de Paris, aðalhoteli Monte Carlo, og var 400 manna borðhald í framhaldi af því haldið í Salle Empire (aðalsal hotellsins). Mikið fjór var á ballinu og spilaði Brian Ferry fyrir dansi.

Það var Guðrún Bjarnadóttir sem kom Íslandi að í Mónakó en Guðrún er búsett í Frakklandi.



Eðalborinn Hendrika Waage og Albert prins spjölluðu saman í veislunni.